



Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Badmintonfélag Hafnarfjarðar stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarháttar eða annarrar stöðu. Badmintonfélagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi.

Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

Allir félagsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Þeir sem verða fyrir kynferðislegri áreitni eða einelti eiga að snúa sér til þjálfara, framkvæmdastjóra eða formanns deildarinnar/félagsins sem hafa þá skyldu að koma málinu í réttan farveg.

Æfingtímar

Stjórn og starfsmenn BH skulu ávalt úthluta jafn mörgum æfingatímum til allra sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri og getustigi. Þess er gætt að fjöldi og gæði tíma sé ekki mismunandi milli kynja.

Æfingaaðstaða

Öll kyn njóti sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar hjá félaginu.

Fjármagn

Samræmi skal vera í fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.

Umfjöllun

Þess er gætt að umfjöllun um öll kyn og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.

Fyrirmyndir

Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af öllum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.

Vinna gegn staðalímyndum

Félagið vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.

Verðlaun

Verðlaun til allra kynja og innan allra greina eru sambærileg. Félagið skal upplýsa kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu félagsins að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina í verðlaunum.

Laun eða hlunnindi

Kynin njóti sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá félaginu og sömu eða sambærilega menntun.

Styrkir

Við úthlutun styrkja skulu upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri vera sem jöfnust hjá félaginu.

Þjálfarar og starfsfólk

Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar allra kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfara sé þess þörf.

Þess skal gætt að kynjahlutfall þjálfara og starfsmanna sé sem jafnast.

Þjálfarar og starfsmenn félagsins skulu hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.

Stjórn, ráð og nefndir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum félagsins er þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og hlutfall eins kyns ekki meira en 60% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þess er gætt á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar að fulltrúar félagsins sem koma fram fyrir hönd félagsins sé ekki aðeins af einu kyni.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun íþróttafélagsins byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og tekur einnig mið af lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tíma-rammi
ÆFINGATÍMAR OG AÐSTAÐA			
Iðkendur á sama aldri í sömu íþróttagrein fái óháð kyni jafn marga og sambærilega æfingatíma.	Úttekt á æfingatíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Aðstaða og aðbúnaður mismuni ekki iðkendum eftir kyni.	Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.		
FJÁRVEITINGAR OG FJÁRAFLANIR			
Samræmi sé tryggt í fjárveitingum til íþróttagreina óháð kyni iðkenda.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Möguleikar til fjáraflana í nafni félagsins séu jafnir óháð kyni iðkenda.	Haldið er kynjabókhald utan um fjáraflanir í nafni félagsins. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.		
FJÖLBREYTNÍ OG UNNIÐ GEGN FORDÓMUM			
Íþróttafélagið þjóni fjölbreyttum hópi iðkenda. Jafna kynjahlutföll í greinum þar sem því er viðkomið.	Kortlagning á iðkendahóp í greinum (ef við á) eftir kynjum og aldri. Staðan og viðbrögð tekin til umræðu á æðsta vettvangi eftir því sem við á.	Stjórn og framkvæmdastjóri	Árlega
Unnið sé gegn staðalímyndum og fordómum.	Fræðsla um staðalímyndir og fordóma fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk. Skýrir verkferlar um hvernig tekið sé á fordómum. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.		
KYNNINGARMÁL OG VIÐURKENNINGAR			
Iðkendum er ekki mismunað eftir kyni eða vegna annarra mismununarástæðna í fréttum eða kynningarefni sem félagið sendir frá sér.	Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Viðurkenningar eru veittar án kynbundinnar mismununar.	Haldið er kynjabókhald utan um veittar tilnefningar og viðurkenningar.		
Verðlaun eru sambærileg fyrir öll kyn í sömu greinum.	Haldið er kynjabókhald utan um veitt verðlaun. Leiðrétt kynbundinn mun ef er.		

FORVARNIR OG FRÆÐSLA			
Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni innan félagsins.	Fræðsla fyrir þjálfara og starfsfólk félagsins Vinna eftir Viðbragðsáætlun íþrótta- og æskulýðsstarfs og hún kynnt öllu starfsfólki árlega	Stjórn félagsins.	Á tveggja ára fresti
Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum	Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.		

ÞJÁLFAVARAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tíma-rammi
Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna. Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins. Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega

NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tíma-rammi
Kynjahlutfalls er gætt í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins. Hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Öll kyn hafa tækifæri til að koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns. Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. Leiðréttta kynbundinn mun ef er.	Stjórn félagsins. Stjórn félagsins.	Árlega

EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Í janúar ár hvert skal framkvæmdastjóri í samvinnu við stjórnir deilda og aðalstjórn gera úttekt og mælingu á stöðu jafnréttis innan félagsins og kynna niðurstöðuna á aðalfundi. Ef þörf er á úrbótum skal svo fljótt sem auðið er setja það í farveg.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tíma-rammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins. Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun. Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu. Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu. Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.	Stjórn	Árlega Fjórða hvert ár

Uppfært og samþykkt á stjórnarfundum í nóvember 2024